

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 12. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0013
IAS

**Efni: Uppbygging gróðurhúsa og borun eftir jarðsjó við Patterson-svæðið.
Matskyldufyrirspurn.**

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun í gegnum skipulagsgátt, frá 9. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matskyldufyrirspurn vegna gróðurhúss og vinnslu jarðsjávar við Patterson-svæðið.

Algae Capital B.V. áformar uppbyggingu að Vogshól – Sjónarhól staðsett sunnan Fitja í Reykjanesbæ við Patterson-svæðið vegna þörungaframleiðslu. Fyrirhuguð er uppbygging á gróðurhúsum, aðalbyggingu fyrir starfsemi fyrirtækisins og borun fyrir jarðsjó. Í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 segir að á atvinnusvæði B, sem að Patterson svæðið er staðsett á, sé unnið að því að byggja upp aðstöðu fyrir hugverkaiðnað og gagnaver. Uppbygging á gróðurhúsunum er í samræmi við þessar áherslur. Skipulagssvæði er alfarið utan verndarsvæða. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 eru engin vatnsverndarsvæði innan eða í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og tekur undir þá niðurstöðu hennar að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa mikil umhverfisáhrif. Svæðið er utan verndarsvæða og því hefur þegar verið raskað að verulegu leyti. Talið er ólíklegt er að sjótakan hafi áhrif á ferskvatnslinsuna sem flýtur ofan á en mikilvægt er að fylgst verði vel með hvort einhverjar breytingar verði eftir því sem sjótakan eykst.

Rétt er þó að nefna að á Njarðvíkurheiði, við norður-suður flugbrautina, hefur fundist set með steingerðum fornskeljum (Náttúrufr. 65. árg, bls. 107-111) sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Ekki er vitað til að fornskeljar finnist á framkvæmdasvæðinu en mikilvægt er að ef skeljar finnist við framkvæmdirnar þá verði það tilkynnt til Náttúrufræðistofnunar.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

